

Meðingarátríði.

Vér eignum að vísu að venjast of miklum sljóleika gagnvart því hvað gott er eða ilt, rétt eða rangt, en þó furðar miig á því að enginn skuli hafa látið í ljósi óþolinmæði yfir því hvernig Útvarpið misþymir þjóð söngnum. En að dagskránni sé lokið með söng, er góð hugmynd, ef vel væri á haldið. Nog er til af góðum lögum sem vér fáum of sjaldan að heyra, eins og t. d. „Fifilbrekka, gróin grund“ eftir Sveinbjörnson, þar sem hvorttveggja er afbragð, lag og ljóð. Eða „Par sem háir hólar“ þar sem Árni Thorsteinsson hefir i besta lagi sýnt, hversu merkilegt tónskáld hann er. Eða „Heiðbláa fjólan míni friða“ eftir Þórarinn Jónsson, sem likt mætti segja um. Útlend lög mætti einnig nefna einsog „Vorið“ eftir Grieg, er eg gaeti ímyndað mér væri besta lag tónskáldsins, eða „Tårnklockan“ eftir Wenner-

berg, langbesta lagið af mörgum góðum í hinu fræga verki (en það sem Útvarpið lofar oss sjaldnast að heyra). Þá er hið ódauðlega „Kvöldljóð“ Schumanns, sem er náskylt lagi því eftir Grieg er eg nefndi. Ef það er rétt sem eg hygg, að ekki sé til lag við Vorljóð Jónasar, „Nú andar suðrið sæla“,* þá er þar fagurt verkefni fyrir gott tónskáld. En mikils mun við þurfa, ef jafnast á í ljóði við yndisleik orðanna: Vorboðinn ljúfi, fuglinn trúr sem fer — Með fjaðrablikki háa vegaleyru — I sumardal að kveða kyædin þín“ —. Og má þó raunar sama segja um ljóðið alt.

22. apríl.

Helgi Pjeturss.

E. S.

*) Ritstjórin segir mér að til sé lag við ljóð þetta, eftir Inga Lárusson, og hefir tónskáldinu tekist svo vel með lagið við „Ó blessuð vertu sumarsól“, að eg er fús til að trúa því, að þetta lag hans við vorljóð Jónasar hafi einnig vel tekist. 29. 4.

H. P.

Vísir 3. maí 1939